

Nr. 5.
27.
febr.

L ö g

um

stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeradsnefnda.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

I hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju hjeradsnefnd, til að annast þau kirkjuleg málefni, sem þeim eru í hendur fengin með lögum þessum.

2. grein.

Sóknarpresturinn skal ár hvert halda að minnsta kosti einn almennan safnaðarfund í hverri sókn, er hann þjónar, til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

3. grein.

Safnaðarfund skal ætíð halda í júnímánuði ár hvert, og skal á þeim fundi kjósa þrjú menn í sóknarnefnd til að veita málefnum safnaðarins forstöðu ásamt sóknarpresti á því fundarári, er þá fer í hönd.

4. grein.

Hver sóknarmaður, sem geldur til prests og kirkju, hefir atkvæðisrjett á safnaðarfundum og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefndar.

5. grein.

Kosning gildir um eitt ár, en skyldur er maður að taka á móti kosningu þrjú ár í senn, ef hann er endurkosinn. Eftir eitt ár er maður aptur skyldur að taka á móti kosningu, svo sem nú var sagt.

6. grein.

Sóknarnefndin skal vera prestinum til aðstoðar í því, að við halda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, einnig í uppræðingu ungmenna, og í því, að sjá um, að samlyndi og friðsemi haldist á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum. Nefndarmenn skulu vera meðhjálparar prestsins við guðsþjónustugjörðina í kirkjunni, stuðla til þess, að hún fari sómasamlega fram.

7. grein.

Þegar prestakall er undir veitingu, hefir hlutaðeigandi sóknarnefnd rjett á að mæla fram með einum umsækenda.

8. grein.

Ef fjemál kirkju eru fengin söfnuði í hendur, skal það einnig vera ætlunarverk sóknarnefndarinnar að hafa á hendi umsjón yfir kirkjunni og eigum hennar, og að standa fyrir byggingu hennar eða aðgjörð.

Nr. 5. Lög 27. febr. um stjórn safnaðarmála.

Lov

om

Nr. 5.
27de
Febr.

**Bestyrelsen af Menighedsanliggender og om Oprettelsen af Menigheds-
udvalg for Kirkesogne og Herreder.**

**Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

I ethvert af Landets Kirkesogne skal der oprettes et Sogneudvalg, og i ethvert af Landets Provstier et Herredsudvalg til at varetage de kirkelige Anliggender, som ved nærværende Lov overdrages dem.

§ 2.

Sognepræsten skal aarlig afholde, i det mindste et almindeligt Menighedsmøde i hvert Sogn, som han betjener, for at forhandle Menighedens kirkelige Anliggender.

§ 3.

Menighedsrådet skal altid afholdes i hvert Aars Juni Maaned, og skal der paa dette Møde vælges 3 Medlemmer til et Sogneudvalg, der i Forening med Sognepræsten har at forestaa Menighedsanliggenderne i det paafølgende Aar.

§ 4.

Enhver Sognemand, som svarer Ydelse til Præst og Kirke, er stemmeberettiget paa Menighedsrådet samt valgberettiget og valgbar til Sogneudvalget.

§ 5.

Balget gjælder for 1 Aar, men Bedkommende er pligtig til at modtage Valg i 3 paa hinanden følgende Aar, hvis han bliver gjenvalgt. Efter et Aars Forløb er han atter pligtig til at modtage Valg, saaledes som nys ommeldt.

§ 6.

Sogneudvalget skal være Præsten behjælpeligt med at vedligeholde og fremme god Orden og Sædelighed i Menigheden, samt med Hensyn til Ungdommens Undervisning og Opdragelse, og Tilsynet med at Samdrægtighed og Fredsommelighed bevares i Familierne og blandt alle Menighedens Medlemmer. Sogneudvalgets Medlemmer skulle være Præstens Medhjælpere ved Gudstjenesten i Kirken, og bidrage til at den foregaar paa en sømmelig Maade.

§ 7.

Naar et Præstekald skal besættes, har vedkommende Sogneudvalg Ret til at anbefale en af Ansøgerne.

§ 8.

Saaftremt Bestyrelsen af Kirkens Formue overdrages til Menigheden, skal det ligeledes være Sogneudvalgets Hverv at føre Tilsyn med Kirken og sammes Ejendomme og at forestaa dens Opførelse og Istandsættelse.

Nr. 5. Lov af 27de Februar om Bestyrelsen af Menighedsanliggender m. m.

Nr. 5.
27.
febr.

9. grein.

Í hjeradsnefnd skulu eiga sæti hjeradsprófasturinn sem forseti, og allir prestar prófastsdæmisins; enn fremur einn safnaðarfulltrúi úr sókn hyerri, er kosinn sje á safnaðarfundum í júnímánuði ár hvert. Um kosning safnaðarfulltrúa og skyldu hans að gegna köllun sinni, gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um sóknarnefndarmenn í 4. og 5. grein.

10. grein.

Forseti skal á ári hverju í septembermánuði halda hjeradsfund, og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa hjeradsins, til að ræða og útkljá þau mál, er hjeradsnefndin á um að sýsla.

11. grein.

Forseti leitar álit fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni, einkum að því er lýtur að menntun og uppræðingu ungmenna. Á fundinum leggur forseti fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeradinu næstliðið fardagaár til umræðu og úrskurðar.

12. grein.

Hverjum fundarmanni er rjett að bera upp á hjeradsfundum tillögur sínar um sjerhvert það atriði, er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra í því hjeradi, svo sem uppræðingu barna, reglu og siðsemi í söfnuðunum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptekt, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknnum og prestaköllum. Allar samþykktir hjeradsfundar sendir forseti biskupi. Ef fundarmenn úr sóknnum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meira hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþykktina, og er forseta skylt, ef þeir æskja þess, að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþykktinni.

Enga breyting má gjöra á takmörkum sókna eða prestakalla, og eigi leggja niður kirkju nje færa úr stað, nema meiri hluti hjeradsnefndarmanna þeirra, er eiga hlut að máli, samþykki breytinguna á hjeradsfundum.

Eptir þessu eigi allir hlutadeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 27. dag febrúarm. 1880.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 9.

I Herredsudvalget have Sæde vedkommende Provst som Formand, alle Provstiets Præster og derhos en Menigheds-Repræsentant fra hvert Sogn, som vælges paa Menigheds-mødet i Juni Maaaned hvert Aar. Med Hensyn til Valget af Menigheds-Repræsentanter og deres Forpligtelse til at røgte dette Hverv, gjælde de samme Regler, som i § 4 og § 5 ere foreskrevne om Sogneudvalgets Medlemmer.

Nr. 5.
27de
Febr.

§ 10.

Til at forhandle og afgjøre de til Herredsudvalget henlagte Sager skal Formanden holde et Herredsmøde i September Maaaned hvert Aar, hvortil han indkalder alle Præster og Menigheds-Repræsentanter i Herredet.

§ 11.

Formanden ræffer Mødets Erklæring om, hvorledes Præsterne og Sogneudvalgene røgte deres Kald i Særdeleshed med Hensyn til Ungdommens Undervisning og Opdragelse. Formanden fremlægger for Mødet til Forhandling og Decision Provstiets Kirkeregnskaber for det sidst afvigte Fardagsaar, efter at disse ere blevene reviderede.

§ 12.

Enhver af Mødets Deltagere er berettiget til paa dette at fremsætte Forslag om enhver Sag, som angaar de kirkelige Anliggender og sammes Ordning i det paagjældende Distrikt, saasom om Ungdommens Undervisning og Opdragelse, Orden og Sædelighed i Menighederne, Kirkernes Ejendomme og deres Administration, om Kirkers Oprettelse, Nedlæggelse og Flytning, og om Forandringer af Sogneinddelingen og Præstekaldene. Formanden indsender til Biskoppen samtlige af Mødets vedtagne Beslutninger. Naar Medlemmerne fra de Sogne, som det paagjældende Spørgsmaal angaar, dissentiere fra Mødets Flertal, have de Ret til at forlange deres fra Mødets Beslutning afvigende Mening tagen til Protokols, og er Formanden, i Fald de ønske det, forpligtet til at indsende deres dissenterende Betum til Biskoppen tillige med Mødets Beslutning.

Ingen Forandring maa finde Sted med Sogne- eller Præstekaldenes Grændser, ei heller maa en Kirke nedlægges eller flyttes, med mindre Forandringen vedtages paa et Herredsmøde af Flertallet af de paagjældende Udvalgsmedlemmer.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 27de Februar 1880.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.